



## ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK UNGMENNARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

### 3. FUNDUR.

3. fundur í Ungmennaráði Húnaþings vestra verður haldin í fundarsal Ráðhússins á Hvammstanga mánudaginn 3. desember. Formaður setur fundinn Kl. 15:58.

Mættir undirritaðir.

### Dagskrá.

1. Skúli Þórðarson Sveitarstjóri fundar með ráðinu.
2. Bréf frá Skólastjóra grunnskóla Húnaþings vestra varðandi hárneta í mötuneyti.
3. Umsókn um styrk.
4. Málefni frá Ragnari Braga Ægissyni.
5. Verkefni fyrir árið 2013.
6. Bréf frá umhverfisstjóra.
7. Önnur mál.

#### Afgreiðslur

1. Skúli Þórðarson sveitarstjóri fór yfir reglur og erindisbréf fyrir Ungmennaráð Húnaþings vestra sem sveitarstjórn samþykkti 15. nóvember sl. Sveitarstjóri fór einnig yfir ráðstöfun styrkja á vegum Ungmennaráðs. Sveitarstjóri vék af fundi eftir fyrsta lið.
2. Lagt fram bréf frá skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra þar sem hann svarar bréfi frá ungmennaráði varðandi notkun hárneta í mötuneyti grunnskólanna. Þar tekur hann fram að mötuneyti skólanna nota núna hárneta í framleiðslu og framreiðslu matvæla. Ungmennaráð fagnar þeirri ákvörðun.
3. Lagt fram samþykki sveitarstjórnar um styrk ungmennaráðs til ÆSKÞ vegna landsmóts.

4. Ragnar Bragi Ægisson fjallaði um slyshættu við beygjuna af þjóðveginum inn á Laugarbakka. Telur hann að bæta þurfi lýsingu við þessa beygju. Ungmennaráð samþykkti að senda sveitarstjórn og Vegagerðinni bréf um málið. Herdís Linda Halldórsdóttir vék af fundi eftir fjórða lið.
5. Íþróttá- og tómstundafulltúi fór yfir hvernig ráðið ætti að skipuleggja árið 2013 varðandi viðburði og ráðstöfun fjárveitinga. Nefndarmenn munu koma með tillögur á fundinn þann 7. janúar nk.
6. Umhverfisstjóri Húnaþings vestra sótti um styrk vegna kaupa á heilsuræktartæki sem staðsett yrði á lóð grunnskólans á Hvammstanga. Ungmennaráð er tilbúið að styrkja ný tækjakaup en ekki það sem umhverfisstjóri lagði til. Ungmennaráð mun funda með Umhverfisstjóra fimmtudaginn 6. desember nk. kl. 15:00.
7. Önnur mál, engin afgreiðsla

**Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Næsti fundur 6. Desember.  
Fundí slitið kl. 17:26**

---

**Herdís Linda Halldórsdóttir.**

---

**Guðrún Helga Magnúsdóttir.**

---

**Ragnar Bragi Ægisson**

---

**Aníta Hrund Hjaltadóttir**

---

**Karólína Gunnarsdóttir**  
**Íþróttá- og tómstundafulltrúi**